

SKIPULAGSSKRÁ Listaháskóla Íslands

1. gr.

Listaháskóli Íslands er sjálfseignarstofnum með sérstaka stjórn. Heimili hans og varnarþing er í Reykjavík.

Stofnfé sjálfseignarstofnunarinnar er eigið fé hennar þann 21. september 1998, kr. 500.000,-. Við ráðstöfun tekna Listaháskóla Íslands skal gæta þeirra markmiða sem fram koma í 2. gr. hér á eftir.

2. gr.

Listaháskóli Íslands er háskólastofnun sem sinnir æðri menntun á fræðasviði lista, sem uppfyllir kröfur sem gerðar eru til kennslu og rannsókna á háskólastigi.

Listaháskóli Íslands skal jafnframt vinna að eflingu listmennta með þjóðinni og miðla fræðslu um listir og menningu til almennings.

3. gr.

Stjórn skólans er skipuð 5 mönnum til þriggja ára í senn og skal enginn þeirra hafa megin framfæri sitt af starfi við skólann eða stunda nám við skólann.

Menntamálaráðherra tilnefnið tvo menn í stjórnina en þrír skulu kjörnir á aðalfundi Baklands Listaháskóla Íslands. Stjórnin kýs formann og varaformann úr sínum hópi.

4. gr.

Stjórn skólans skal standa vörð um hlutverk skólans og gæta þess að starfsemin þjóni settum markmiðum. Hún ber ábyrgð á rekstri skólans, fjárhag og eignum og ákvarðar skólagjöld. Stjórnin ræður rektor skólans.

5. gr.

Rektor er ráðinn til fimm ára í senn og skal staðan auglýst laus til umsóknar.

Endurráða má starfandi rektor einu sinni, til annars fimm ára tímabils, án þess að staðan sé auglýst laus til umsóknar. Heildarráðingartími rektors skal þó ekki fara umfram 10 ár.

Rektor annast rekstur og stjórn skólans í umboði stjórnar og ber ábyrgð gagnvart henni. Hann er ábyrgur fyrir að starfstilhögun sé í samræmi við hlutverk, markmið og gæðakröfur. Rektor er ábyrgur fyrir ráðningu starfsmanna. Helstu yfirmenn skólans skal rektor ráða í samráði við stjórn.

6. gr.

Framkvæmdaráð er samráðsvettvangur helstu stjórnenda skólans. Ráðið fjallar um sameiginleg málefni deilda, stoðsviða og skipulag skólastarfsins.

7. gr.

Fagráð er samráðsvettvangur stjórnenda, kennara og nemenda skólans um akademísk málefni, þvert á deildir. Ráðið fjallar um fagleg markmið skólans og er leiðandi fyrir stjórnendur í akademískum málefnum.

8. gr.

Háskólafundur er samstarfsvettvangur deilda og stofnana skólans, og geta stjórn og rektor leitað umsagna hans um það er varðar starfsemi og þróun skólans.

Háskólafundur skal halda a.m.k. einu sinni á skólaári. Fagráð boðar til háskólafunda. Stjórn skólans setur nánari reglur um starfsemi háskólafunda.

OSG
Ró
ME

9. gr.

Úrskurðarnefnd fer með æðsta vald í agamálum og réttindamálum nemenda. Í úrskurðarnefnd sitja einn deildarforseti, sem er formaður nefndarinnar, og tveir fulltrúar kennara. Framkvæmdaráð skólans tilnefni í úrskurðarnefnd og setur reglur um starfsemi hennar.

10. gr.

Skipa skal starfi skólans í deildir eftir listgreinum og skal stjórn skólans ákvarða deildarskiptingu. Stjórn skólans setur reglur fyrir skólann í samræmi við lög nr. 63/2006. Yfirstjórn hvernar deildar er falin deildarforseta. Deildarforseti er ráðinn til fimm ára í senn og skal staðan auglýst laus til umsóknar. Endurráða má starfandi deildarforseta einu sinni, til annars fimm ára tímabils, án þess að staðan sé auglýst laus til umsóknar. Samfelldur ráðningartími deildarforseta skal ekki fara umfram 10 ár. Rektor ræður deildarforseta að höfðu samráði við stjórn.

11. gr.

Listaháskólinn gefur árlega út kennsluskrá sem byggð er á námskrám deilda. Í kennsluskrá er m.a. gerð grein fyrir tilhögun náms, kennsluháttum, námsmati og reglum. Deildarforsetar bera ábyrgð á kennsluskráum sinna deilda en kennslustjóri ritstýrir þeim. Kennsluskrána ber að endurskoða fyrir hvert skólaár.

12. gr.

Við ráðningar í stöður deildarforseta eða háskólakennara skal hæfi umsækjenda metið af hæfisnefnd. Rektor skipar hæfisnefnd, skv. reglum um veitingu akademískra starfa, að fengnum tillögum fagraðs og í samráði við stjórn skólans. Hæfisnefnd skal skipuð þremur fulltrúum, tveimur sem sitja til tveggja ára í senn og einum sem skipaður er fyrir hvert tilvik.

13. gr.

Reikningsár skólans er almanaksárið og skal rektor innan þriggja mánaða frá lokum reikningsárs leggja ársreikning ásamt skýrslu um starfsemina fyrir stjórn skólans. Rektor skal fyrir 30. nóvember ár hvert leggja rekstraráætlun næsta reikningsárs fyrir stjórn skólans til afgreiðslu.

14. gr.

Verði Listaháskóli Íslands lagður niður skal skilanefnd, skipuð einum fulltrúa frá hvorum tilnefningaraðila í stjórn skólans, ákveða hvernig að þeirri framkvæmd verði staðið og tryggja að eignum skólans verði varið í samræmi við markmið sjálfseignarstofnunarinnar. Tillaga að niðurlagningu skal borin undir sýslumanninn á Norðurlandi vestra.

15. gr.

Menntamálaráðuneyti ábyrgist fjárstuðning við Listaháskóla Íslands er byggist á samningi fyrir þá þjónustu er skólinn veitir. Skólanum er heimilt að gera samninga um fjárstuðning eða annars konar stuðning við hvern þann sem vill veita skólanum fjárhagslegt lið eða nýta sér þjónustu hans. Skólinn ber ábyrgð á skuldbindingum sínum.

16. gr.


Aðalfundur stjórnar skal haldinn í tengslum við ársfund þar sem fjárhagur skólans og meginatriði starfsáætlunar eru kynnt. Val á löggiltum endurskoðanda skal bera upp á aðalfundi. Stjórn skólans skal setja reglur um fyrirkomulag ársfundar.

17. gr.

Stjórn skólans getur með samhljóða ákvörðun breytt skipulagsskrá þessari, að fengnu samþykki sýslumannsins á Norðurlandi vestra. Breytingar á skipulagsskrá þessari verða aðeins samþykktar á löglega boðuðum fundi stjórnar enda hafi tillaga um slíkt verið kynnt í fundarboði.

Við staðfestingu á skipulagsskrá þessari fellur úr gildi eldri skipulagsskrá nr. 586/1998.

Undirskrift stjórnar:



Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá nr. 19/1988.

Samfærkröki 7. september 2017

